

Mál nr. 100/2007

M

og

Vátryggingafélagið X og v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs

Vinnuslys þegar starfsmaður hrasaði þann 25.02. 2005, ágreiningur um bótaskyldu

Gögn.

- 1) Málskot mótttekið 15.05. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 29.05. 2007.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M varð fyrir slysi er hann steig ofan í ræsi í gólfi þar sem rist hafði verið tekin úr gólfi án þess að gera starfsmönnum viðvart.

Í málskotinu er gerð grein fyrir samskiptum M og vátryggingafélagsins þ.á m. vegna bótauppgjörðs sem gert var þann 13. maí 2005, "þar sem tekjutjón var gert upp að beiðni tjónþola vegna þeirrar tekjuskerðingar sem hann hafði þá orðið fyrir" líkt og segir í málskotinu.

M telur bótaskyldu fyrir hendi, nefnt bótauppgjör hafi ekki fullnægt skilyrðum laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 (9. gr.). M telur sig ekki vera að óska endurupptöku, hann byggir á því að félagið beri ábyrgð vegna þess tjóns sem hann hefur orðið fyrir. Ágreiningur málsins "snýst aðallega um gildi bótauppgjörðs og hvort félagið hafi með því losnað úr frekari ábyrgð." Hann vekur athygli á því að bótauppgjörið hafi verið án viðurkenningar á bótaskyldu, nú liggur fyrir að taka afstöðu til bótaskyldu og þá telur M að félagið geti ekki borið fyrir sig nefnt bótauppgjör.

Vátryggingafélagið lætur þess getið í bréfi til nefndarinnar vegna málskotsins að það telur að tjónið megi rekja til eigin sakar M sjálfs. Af gögnum málsins megi ráða að hann hafi stigið ofan í ræsi við vinnu sína. Eðli máls verði starfsmenn sem starfa í því starfsumhverfi sem um ræðir að gæta þess hvar stigið er einkum í ljósi þess að gólf getur verið hált. Félagið telur því að ekki sé ástæða til að rekja tjónið til sakar vinnuveitanda.

Álit.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa má ráða að meiðsl M (tjónþola) verði rakið til saknæmrar háttsemi aðila. Það var óvarlegt að taka umrædda rist úr gólfi án þess að láta starfsmenn vita. Starfsmenn virðast ekki hafa verið varaðir við þeirri hættu sem fyrir hendi var.

Miðað við viðbrögð félagsins vegna málskotsins verður að telja að ágreiningur máls þessa fjalli fyrst og fremst um hvort skaðabótaskylda hafi stofnast, ágreiningur virðist ekki vera um bótauppgjör frá árinu 2005, þrátt fyrir þá umfjöllun sem fram kemur í málskotinu.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 12. júní 2007

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.